

STJÓRNARTÍÐINDI C 2 – 2003

8. janúar 2003

73

Nr. 4

AUGLÝSING

um bókun milli Danmerkur, Finnlands, Íslands, Noregs og Svíþjóðar um aðild Íslands að samningnum um stofnun norræna skattrannsóknaráðsins.

Hinn 29. nóvember 2002 var gerð í Helsinki bókun milli Danmerkur, Finnlands, Íslands, Noregs og Svíþjóðar um aðild Íslands að samningnum um stofnun norræna skattrannsóknaráðsins sem gerður var í Helsinki 13. apríl 1973. Bókunin öðlaðist gildi 1. janúar 2003.

Bókunin er birt sem fylgiskjal með auglýsingu þessari.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytinu, 8. janúar 2003.

Halldór Ásgrímsson.

Gunnar Snorri Gunnarsson.

Fylgiskjal.

BÓKUN

milli Danmerkur, Finnlands, Íslands, Noregs og Svíþjóðar um aðild Íslands að samningnum um stofnun norræna skattrannsóknaráðsins.

Ríkisstjórnir Danmerkur, Finnlands, Íslands, Noregs og Svíþjóðar,

sem óska þess að ganga frá bókun um aðild Íslands að samningnum milli Danmerkur, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar um stofnun norræns skattrannsóknaráðs sem var gerður í Helsinki hinn 13. apríl 1973 (hér á eftir nefndur „samningurinn“),

hafa orðið ásáttar um eftirfarandi:

I. gr.

Með bókun þessari gerist Ísland aðili að samningnum milli Danmerkur, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar frá 13. apríl 1973 um stofnun norræns skattrannsóknaráðs með áorðnum breytingum samkvæmt bókun þessari.

II. gr.

Fyrirsögn samningsins er breytt og skal vera sem hér segir:

„Samningur milli Danmerkur, Finnlands, Íslands, Noregs og Svíþjóðar um norrænt skattrannsóknaráð“.

III. gr.

Fyrsta málsgrein 1. gr. samningsins skal vera svohljóðandi:

„Danmörk, Finnland, Ísland, Noregur og Svíþjóð skipa þá sem sitja í norræna skattrannsóknaráðinu“.

IV. gr.

Fyrsta málsgrein 4. gr. samningsins skal vera svohljóðandi:

„Hámarksfjöldi meðlima frá hverju landi, Danmörku, Finnlandi, Íslandi, Noregi og Svíþjóð, skal vera þrír“.

V. gr.

Fyrsta málsgrein 5. gr. samningsins skal vera svohljóðandi:

„Ráðið kys sér formann og varaformann úr röðum meðlima sinna“.

VI. gr.

Þriðja og fjórða málsgrein 6. gr. samningsins skulu vera svohljóðandi:

„Ráðið er ákvörðunarbært þegar að minnsta kosti átta meðlimir, sem eru fulltrúar að minnsta kosti fjögurra samningsaðila, eru viðstaddir. Ákvarðanir eru teknar með einföldum meirihluta. Falli atkvæði jafnt gildir það álit sem formaður styður. Ráðinu er heimilt að framselja starfshópi, sem í er einn fulltrúi frá hverju landi, Danmörku, Finnlandi, Íslandi, Noregi og Svíþjóð, réttinn til ákvörðunartöku í áráðandi málum“.

VII. gr.

Bókun þessi öðlast gildi hinn 1. janúar 2003.

Afhenda ber frumrit bókunar þessarar finnska utanríkisráðuneytinu til vörslu sem lætur öðrum samningsaðilum í té staðfest afrit þess.

Þessu til staðfestu hafa undirrituð, sem til þess hafa fullt umboð, undirritað bókun þessa.

Gjört í Helsinki hinn 29. nóvember 2002 í einu eintaki á dönsku, finnsku, íslensku, norsku og sænsku og eru allir textar jafngildir.

AUGLÝSING

um breytingar á I. og II. viðauka við samning um alþjóðaverslun með tegundir villtra dýra og plantna sem eru í útrýmingarhættu (CITES).

Breytingar á I. og II. viðauka við samning um alþjóðaverslun með tegundir villtra dýra og plantna sem eru í útrýmingarhættu frá 3. mars 1973, sem gerðar voru á 12. fundi þings aðildarríkja samningsins er haldinn var í Santíagó 3.-15. nóvember 2002, öðluðust gildi 13. febrúar 2003, sbr. auglýsingu í C-deild Stjórnartíðinda nr. 1/2000 þar sem samningurinn er birtur.

Breytingarnar eru birtar sem fylgiskjal með auglýsingu þessari.

Ísland gerði fyrirvara samkvæmt 3. tölul. 15. gr. samningsins við þá ákvörðun að tilgreina eftirtaldar tegundir í II. viðauka við samninginn:

Hvalháfur (*Rhincodon typus*).

Beinhákarl (*Cetorhinus maximus*).

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytinu, 17. febrúar 2003.

Halldór Ásgrímsson.

Gunnar Snorri Gunnarsson.